



28

Sóphusson, Lárus Jónsson og Guðmundur Karlsson — að taka þar sæti. Þar sem þeir Eggert Haukdal og Guðmundur Karlsson eru úr sama kjördæmi þótti ýms- um sjálfstæðismönnum óverjandi að sama kjördæmi hefði tvo full- trúa í nefndinni. Meðal þeirra var Egill Jónsson, þingmaður Aust- firðinga og eftir mikið þref fór það svo að kjósa varð um stjórn-

arandstæðingana fjóra innan þingflokksins. Fóru þá leikar svo að Friðrik og Lárus fengu 21 at- kvæði hvor, Guðmundur Karlsson hlaut 16 atkvæði en Egill fékk 5 atkvæði...

● Enn um Sjálfstæðisflokkinn. Komið hefur fram að fjárhagur flokksins er slæmur og Valhöllin þeirra við Háaleitisbraut sé kom- in undir hamarinn. Nýi fram- kvæmdastjórnin, Kjartan Gunn- arsson, hefur því brugðið á það ráð að senda mörgum traustum og stöndugum sjálfstæðismönnum óútfylltan giró-seðil með ítar- legu beiningarbréfi. Hefur þessi aðferð framkvæmdastjóra flokksins mælt misjafnlega fyrir meðal ýmissa flokksmanna og þykir óvist að heimtur verði jafn góðar og sendandi bréfsins hefur vænst...

Fullyrt er að Landhelgisgæslan hafi staðið undir fyrstu greiðslum

af nýju þýrlunni sinni með því að spara sér rekstrarfé vegna út- gerðar Týs og Þórs, sem eiga að hafa legið við bryggju í Reykja- vikurhöfn frá því í maí í vor þar til nú í september...

● Ríkisútvarpið verður fimmtíu ára í vetur, og þrátt fyrir margháttaðar deilur starfs- manna við yfirstjórn stofnunar- innar að undanförunu hafa þeir ekki gleymt því. Þeir hafa ákveð- ið að gefa „afmælisbarninu“ veg- lega afmælisgjöf, verk Asgerðar Búadóttur, sem hún nefnir Skjaldarmerki, og gefa fyrir það 1,6 milljónir króna. Aðal uppi- staða Skjaldarmerkisins er stór og myndarlegur saltfiskur, og munu forráðamenn Sölufélags íslenskra fiskframleiðenda, stærstu salt- fiskisölusamtaka landsins, eftir miklar vanga veltur hafa ákveðið, að þeim væri málið skylt, og þetta listaverk ætti helst heima í hús- kynnum þeirra. En þeir voru ein- um of seinir á sér, útvarpsmenn höfðu gengið frá kaupunum þegar þeir komu að máli við listamann- inn...

● Ný hljómplata sér dagsins ljós núna fyrir jólin. Þetta er Örn og Örlygur, sem hingað til hefur verið þekktara fyrir bókaútgáfu. Afurðin verður barnaplata með textum eftir Kristján frá Djúpa- læk en lögum eftir Heiðdís Norð- fjörð, Flytjendur eru Ragnhildur Gísladóttir og Pálmi Gunnarsson meðal annarra...

„Með firnþrótti sínum gerir Bette Midler „Rósina“ að sannri reynslu á sviði kvik- mynda... Stófenglegt afrek og frumraun, sem verkar á mann eins og sprenging...“
Gene Shallit, NBC-TV

„Bette Midler lætur „Rósina“ svífa allt upp í háloftin með ljómandi listaafreki sínu.“
Rex Reed, fastur dálkahöfundur í mörgum blöðum.
„Midler er undursamleg og vekur furðu manns.“
Charles Champlin
Los Angeles Times


BETTE MIDLER
ALAN BATES
A MARVIN WORTH
AARON RUSSO PRODUCTION
A MARK RYDELL FILM
THE ROSE
FREDERIC FORREST
PRODUCED BY MARVIN WORTH & AARON RUSSO • DIRECTED BY MARK RYDELL
SCREENPLAY BY BILL KERBY AND BO GOLDMAN • STORY BY BILL KERBY
EXECUTIVE PRODUCER TONY RAY • DIRECTOR OF PHOTOGRAPHY VILMOS ZSIGMOND, A.S.C.
COLOR BY DELUXE 3 • ORIGINAL SOUNDTRACK RECORDING AVAILABLE ON ATLANTIC RECORDS AND INPES • READ THE WARNER BOOK
TM
RESTRICTED
UNDER 17 REQUIRES ACCOMPANYING PARENT OR ADULT GUARDIAN

NÝJA BÍÓ

HLJÓÐRITARAR (Diktafónar) frá LANIER USA



Fyrir standard kasettur.
Borðtæki. Ferðatæki. Afspilunartæki.



Fyrir míni kasettur 2x15 mín.
Vasa- og borðtæki, afspilunartæki.



Micro kasettur 2x30 mín.
Vasa- og borðtæki, afspilunartæki.

Tæki þessi eru á frábæru verði
— Frá kr. 88.000

Radíóstofan h/f
Þórgötu 14 — Sími 14131

það er ekki sama
+jón og -mínus jón

„Margt bendir til að mikið magn jákvætt rafhlað- inna agna (+jóna), geti haft slæm áhrif á líðan og heilsu fólks. Loftmengun t.d. tóbaksreykur, inni- heldur gjarnan mikið af pósítívum ögnum.“

ÚR UMSÖGN Heilbrigðiseftirlit ríkisins

Raflindin MODULION eykur magn neikvætt hlaðinna agna (-jóna) í andrúmsloftinu og stuðlar því að minni loftmengun, samtímis sem hún hefur jákvæð áhrif á líðan og heilsu fólks.

RAFRÁS söluskrifstofa · sími 91-82980
Fellsmúla 24 · 105 REYKJAVÍK

Sími 91-82980 veitir allar frekari upplýsingar. Meðlimir Ofnæmis-, Astma-, og Migrenifélaga fá 10% afslátt. Verð tækjanna er kr. 68.750. — Auk þess höfum við fjölda upplýsingagagna á boðstólum. • „Jónir í lofti“ eftir Dr. Albert Krueger • „The Ion effect“ eftir Fred Soyka • Gagnaskrá yfir jónarannsóknir. Sendum í póströfu um land allt.

1949 Flytjum — Sækjum — Sendumst sjálfstætt 1980

25050

SENDIBÍLASTÖÐIN H.F. • BORGARTÚNI 21